

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsnes sýslu.

1860.
12. sept.

Eptir tilmælum yðar, herra amtmaður, í bréfi 26. júlím. þ. á. hefir dómsmálastjórnin hlutast til um, að keyptar væru 400 tunnur af rúgi, sem eru til greindar í ávísunarsedlum þeim, sem fylgja bréfi þessu; verður korn þetta nú flutt hëðan með skipi, er heitir Anna, og Thurö skipstjóri ræður fyrir, til verzlunarstaðanna Ólafsvíkur og Stykkishólms, og má lána það, fyrir 9½ ríkisdal tunnuna, þeim sveitum í Snæfellsnes sýslu, þar sem mestur er bjargarskortur.

Um leið og dómsmálastjórnin skorar á yður að gæta þess nákvæmlega, að korni þessu, sem hlutadeigandi verzlunarstjórar úthluta eptir ráðstöfun yfirvaldsins, verði útbýtt á skynsamlegan hátt, skal því við bætt, að þær seinna meir verðið látnir vita nákvæmar um, uppá hverja skilmála lánid verður veitt.

Stjórnin vonar eptir að fá játningu yðar um, að kornið hafi komið til skila, og skýrslu um, hvernig því verður útbýtt.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Þórarni Finnbogasyni til að kaupa fyrir smíðatól.

24. sept.

Í bænarskrá, er hëðan var send innanríkisstjórninni, hefir sýslumaðurinn í Nordurmúlasýslu, Þorsteinn Jónsson kanseliráð, sótt um, að Þórarni Finnbogasyni á Vopnafirði verði veittur styrkur úr almennum sjóði, til þess hann geti leitað sér framfara í járnsmíðs-iðninni, og einkum til þess, að hann geti fengið sér þau smíðatól, er hann þarf á að halda við iðn þessa; hefir síðan innanríkisstjórnin kveðið sig fúsa til, að veita Þórarni hërubil 50 ríkisdala styrk til að kaupa fyrir smíðatól, en óskar á hinn bóginn að fá fyrst vitneskju um, hvaða tól hann þurfi, og hvað af þeim kynni fást á Íslandi, og hvað þau kosti, og um það, hver smíðatól ætti að kaupa hër, að því leyti fêð hrökkur til þess.